



Fundargerð sveitarstjórnar 23.janúar 2020

Fundur nr. 34 kjörtímabilið 2018-2022

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps 23.janúar 2020 í safnaðarheimili Vopnafjarðarkirkju kl 14:00.

Mætt til fundar: Íris Grímsdóttir, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Axel Örn Sveinbjörnsson, Teitur Helgason, Sigurjón Hauksson og Sigríður Bragadóttir.

Einnig sátu fundinn Sara Elísabet Svansdóttir og Þór Steinarsson, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

Í upphafi er óskað eftir afbrigðum varðandi tvö mál. Bréf frá Hafdísi Báru Óskarsdóttur og tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna fuglaskoðunarhúsa.

1. Fundargerðir

a. Velferðarnefnd 10.12

Lagt fram

b. Hreppsráð 10.1

Lagt fram

c. Skipulags- og umhverfisnefnd 14.1

Varðandi lið eitt í fundargerðinni. Sveitarstjórn samþykkir að hefja vinnu við breytingar á aðalskipulagi vegna umsóknar Þverárdals ehf. vegna 6 MW virkjunar í Þverá í Vopnafirði. Tillagan hefur verið borin undir Skipulags- og umhverfisnefnd sem samþykkti breytinguna fyrir sitt leyti.

Samþykkt samhljóða

Varðandi lið þrjú. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt sameiningu Leiðarhafnar 1 og 2. Samþykkt samhljóða.

d. Atvinnu- og ferðamálanefnd 17.1

Allmikil umræða var um byggðarkvóta á fundi sveitarstjórnar og talið mikilvægt að leita allra leiða til að hvetja til aukinnar vinnslu í byggðarlaginu á þeim afla sem landað er á Vopnafirði. Sveitarstjórn tekur undir bókun Atvinnu- og ferðamálanefndar en samþykkir jafnframt að þeim 44 tonnum (ekki 42 eins og fram kemur í fundargerð nefndarinnar) sem úthlutað var til sveitarfélagsins verði ekki úthlutað til báta yfir 1.000 tonnum. Samþykkt samhljóða.

e. Kjörstjórn 20.1

Kjörstjórn hefur gefið út kjörbréf fyrir Teit Helgason og Sigríði Elvu Konráðsdóttur sem aðalmenn í sveitarstjórn og Berglindi Steindórsdóttur og Hjört Davíðsson sem varamenn í sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða.

f. Fundargerð Finnafjarðarhafnar slhf. (FFPA) 20.12

Lagt fram.

g. Fundargerð Finnafjarðar slhf. (FF) 20. 12

Lagt fram.

2. Almenn mál

a. Starfsreglur stjórna FFPA og FF

Lagt fram.

b. Jafnréttisáætlun og jafnlaunastefna Vopnafjarðarhrepps

Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju sinni með þá vinnu sem farið hefur fram í málaflóknum og samþykkir fyrirliggjandi jafnlaunastefnu Vopnafjarðarhrepps og jafnréttisáætlun 2020-2024 með fyrirvara á að ártalsbreytingar verði gerðar á fyrirliggjandi gögnum. Samþykkt samhljóða.

c. Frístundastyrkur – breyting

Lögð til eftirfarandi breyting á reglum um frístundastyrk: „Hægt er að nýta frístundastyrk í [...] Árskort í þreksal Vopnafjarðar fyrir ungmenni á aldrinum 16-18 ára.“ Samþykkt samhljóða.

d. Kjör í hreppsráð.

Íris Grímsdóttir er kjörin sem aðalmaður og varaformaður hreppsráðs í stað Stefáns Gríms Rafnssonar sem óskað hefur eftir lausn frá störfum. Teitur Helgason er kjörinn sem varamaður í hreppsráð í stað Írisar Grímsdóttur. Björn Heiðar Sigurbjörnsson er kjörinn aðalmaður í hreppsráð fyrir Bjart Aðalbjörnsson, sem óskað hefur eftir leyfi frá störfum í sveitarstjórn, og Sigríður Elva Konráðsdóttir er kjörin varamaður í hreppsráð í staðinn fyrir Björn Heiðar Sigurbjörnsson. Samþykkt samhljóða.

e. Kjör varaoddvita

Íris Grímsdóttir er kjörin varaoddviti sveitarstjórnar og tekur við af Stefáni Grími Rafnssyni sem óskað hefur eftir lausn frá störfum. Samþykkt með atkvæðum meirihlutans. Minnihlutinn situr hjá.

f. Fundardagskrá vorannar 2020

Samþykkt samhljóða.

g. Beiðni Landsnets um aðalskipulagsbreytingu vegna breytingar á Vopnafjarðarlínu 1 á Hellisheiði eystri.

Sveitarstjórn samþykkir að gera breytingu á aðalskipulagi vegna breytingar á Vopnafjarðarlínu 1 á Hellisheiði Eystri. Málið hafði áður verið tekið fyrir og samþykkt af skipulagsnefnd. Samþykkt samhljóða.

h. Þarfagreining fyrir heimasíðu – kynning frá Greipi Gíslasyni

Frestað

i. Breytingar á aðalskipulagi – Fuglaskoðunarhús.

Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa framlagða breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 Fuglaskoðunarhús, Landbúnaðarsvæði – fjöldi frístundahúsa, Verndarsvæði í byggð – hverfisvernd á miðsvæði kaupþunsins. Samþykkt samhljóða.

3. Bréf til sveitarstjórnar

a. Bjartur Aðalbjörnsson – leyfi frá sveitarstjórnarfundum.

Samþykkt samhljóða.

b. Hafdís Bára Óskarsdóttir.

Óskað er eftir að gerð verði úttekt á hættu sem stafar af byggingu á Hámundastöðum 3 vegna foktjóns. Málinu er vísað til byggingarfulltrúa til afgreiðslu í samræmi við grein 2.2.2. í byggingareglugerð. Samþykkt samhljóða.

4. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri flutti munnlega skýrslu um verkefni frá 17. október sl. og svaraði fyrirspurnum.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundargerð lesin og borin upp til samþykktar, hún samhljóða samþykkt og fundi slitið kl.17:24.

[Fundargögn](#)